



## Fundargerð menningarmálanefndar 08. júní 2015

Menningarmálanefndarfundur 8.6.15

Fundur hófst 17:00 og mætt voru: Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Steingrímur R. Árnason, Ingólfur Daði Jónsson, Elísa Joensen, Hreiðar Geirsson og Berghildur Fanney Hauksdóttir, menningarmálafulltrúi ásamt Tómasi Guðjónssyni, framkvæmdarstjóra Vopnafjarðardaga.

Ingólfur Daði ritaði fundargerð.

1.Mál: Vopnaskak.

Rætt um Vopnaskak. Rennt var yfir dagskránnu í grófum dráttum og tilkynnt m.m.n ef eitthvað hafði ekki gengið upp sem ákveðið var á síðasta fundi. t.d. Skemmtikraftar sem urðu dýrari og ákveðið var að afpanta. Einnig rætt um hlutverk hverfisstjóranna, sem eiga að halda utan um kjötsúpu í sínu hverfi og skreytingar, með því að hvetja fólk til að skreyta og hjálpa ef þarf. Ákveðið að heyra í líklegum kandidötum sem fyrst.

2.Mál: 17 júní Hátíðarhöld.

Menningarmálafulltrúi tilkynnti m.m.n að Einherji væri ekki með 17.júní kaffið eins og fyrri ár. Rætt var hvað ætti að vera í staðinn, hver ætti að vera með hátíðarræðu, hver væri fjallkona og annað sem kemur að þessum degi. Menningarmálafulltrúa var falið að klára það sem viðkemur þessum viðburði.

Engin önnur mál á dagskrá, fundi slitið 18:20.